

Dreifibréf

Reykjavík, 11. apríl 2022

Tilvísun: OS2022010118/10.0

Verknúmer: 4353235

Efni: Úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara

Vakin er athygli dreifiveitna með bréfi þessu, að þann 17. febrúar sl. úrskurðaði úrskurðanefnd raforkumála að ákvæði reglugerðar nr. 1150/2019 um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara skorti lagastoð og þá ekki síður að það fyrirkomulag um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara, sem leiðbeiningar Orkustofnunar fjalla um, rúmist innan reglugerðarheimildar 3. mgr. 20.gr. raforkulaga.

Að mati Orkustofnunar felur úrskurður úrskurðarnefndarinnar í sér að stofnunin hefur ekki heimild til að koma á fyrirkomulagi sem að tryggir notendum raforku aðgengi að henni, þrátt fyrir að þeir velji sér ekki sölufyrirtæki raforku. Rétt er að vekja athygli á því að ráðuneyti umhverfis- orku- og loftlagsmála vinnur nú að endurskoðun á raforkulögum og reglugerðum, meðal annars til að tryggja að notendur hafi jafnan aðgang að raforku þegar skipt er um notanda á neysluveitu.

Í ljósi ofangreinds beinir Orkustofnun því til dreifiveitna að tryggja að með öllum ráðum að nýir notendur neysluveitna (notendur sem ekki hafa verið í viðskiptum við sölufyrirtæki raforku næstliðna 90 daga) velji sér sölufyrirtæki raforku við notendaskipti á neysluveitu þar sem skýrt er af 1. tl. 6.gr. reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar að dreifiveitu er skylt að tengja alla þá sem eftir því sækjast með því skilyrði að þeir hafi gildan samning um kaup á raforku.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkustofnunar



Guðmundur I Bergþórsson

F.h. Orkustofnunar



Hanna Björg Konráðsdóttir

Samrit: Dreifiveitur raforku.

Afrit: Sölufyrirtæki raforku og umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytisins.

Fylgiskjal: Úrskurður úrskurðarnefndar raforkumála í málum nr.5/2021 og 9/2021 - Kæra Orkusölnnar á ákvörðunum Orkustofnunar